13. TBL. MARS 2021

SSNE FRÉTTABRÉF

FYLGDU OKKUR Á FACEBOOK

SSNE
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

HEFUR ÞIG DREYMT UM AÐ VERA FRUMKVÖÐULL?

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ - HACKING NORÐURLAND ER HANDAN VIÐ HORNIÐ!

Nýsköpunarviðburðurinn Hacking Norðurland fer fram dagana 15. - 18. apríl og er ætlað að virkja skapandi og lausnamiðaða hugsun og styðja við nýsköpun og fjölgun atvinnutækifæra á svæðinu. Unnið verður með sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins með tilliti til matar, vatns og orku. Markmiðið er einnig að draga fram í sviðsljósið öflugt frumkvöðlastarf á svæðinu og tengja saman frumkvöðlasenurnar í dreifbýli og þéttbýli á Íslandi.

Norðurland er stórt svæði og til að tryggja að allir áhugasamir geti tekið þátt, hvar sem þeir eru staðsettir fer lausnamótið fram sem “tvinn-viðburður”. Lausnamótið hefst 15. apríl með opnunarviðburði og vefstofu þar sem rætt verður um þau tækifæri sem felast í auðlindum svæðisins. Föstudaginn 16. apríl hefst svo lausnamótið sjálft sem stendur í 48 klukkustundir og fer að stærstum hluta til fram í gegnum Hugmyndaþorp, sem er stafrænn vettvangur til samsköpunar, þróaður af sprotafyrirtækinu Austan mána í samstarfi við Hacking Hekla. Samstarfsteymi Hacking Norðurland mun ferðast á milli frumkvöðlasetra á svæðinu meðan á lausnamótinu stendur og geta þátttakendur nærri þeim setrum nýtt sér möguleikann á því að vinna að hugmyndum sínum þar. Útkoman úr lausnamótinu getur verið stafræn lausn, vara, þjónusta, verkefni, hugbúnaður, vélbúnaður eða markaðsherferð. Hacking Norðurland lýkur sunnudaginn 18. apríl með lokaviðburði þar sem dómnefnd velur þrjú bestu verkefnin sem hljóta peningaverðlaun auk aukavinninga.

Frekari upplýsingar finnur þú hér.

Hacking Norðurland er samstarfsverkefni Hacking Hekla, Eims, SSNV, SSNE, Nýsköpunar í Norðri og Nordic Food in Tourism. Verkefnið er styrkt af Íslandsbanka.

MÁLÞING OG FÝSILEIKAKÖNNUN UM LISTNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

RHA
RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Í febrúar sl. samþykkti stjórn SSNE að verkefnið Innleiðing listnáms á háskólastigi á Akureyri yrði áhersluverkefni samtakanna fyrir árið 2021. Veittar voru 3,7 milljónir króna til að undirbúa fýsileikakönnun og málþing sem stefnt er að því að halda á vormánuðum.

RHA vinnur nú að gerð spurninga fyrir fýsileikakönnunina ásamt starfshópi skipuðum fulltrúum frá framhaldsskólum á svæðinu, Háskólanum á Akureyri, listamönnum, Listasafninu á Akureyri, Akureyrarstofu og SSNE. RHA sér um framkvæmd og úrvinnslu. Lagðar verða fram spurningar til nemenda á framhaldsskólastigi á öllu landinu um áhuga á mögulegum námsleiðum á sviði lista á háskólastigi, auk annarra atriða sem vert er að kanna á áður en lengra er haldið. Könnunin verður send út í byrjun apríl og gert er ráð fyrir að tölfræðiúrvinnslu og greinagerð verði lokið um mánaðamótin apríl/maí.

Undirbúningur fyrir málþingið er þegar hafinn og hafa fulltrúar Akureyrarstofu og SSNE fundað með rektor Háskólans á Akureyri, rektor LHÍ, bæjarstjóra Akureyrabæjar og mennta- og menningarmálaráðuneytinu um fyrirhugaða dagskrá þingsins. Á málþinginu verða m.a. kynntar niðurstöður fýsileikakönnunarinnar og verða frummælendur valdir af kostgæfni. Horft verður til þess að draga fram á skýran hátt mikilvægi þess að listnámi á háskólastigi verði komið á laggirnar á Akureyri sem allra fyrst. Stefnt er að því að halda málþingið um miðjan maí á Akureyri, ef aðstæður leyfa, og verður nánari dagskrá birt þegar nær dregur á heimasíðu SSNE.

PLASTIÐ OG FRAMTÍÐIN

Föstudaginn 26. febrúar héldu SSNE og Vistorka fræðslu- og upplýsingafund varðandi verkefni sem snúa að framtíð plastsins og úrvinnslu þess.

Pure north og Sorpa bs. eru nú í þróunarferli varðandi endurnýtingu á plasti og er stefnan sett á að allt plast verði hringrásartækt. Á upplýsingafundinn mættu fulltrúar Pure North og Terra og sögðu frá þeirra áformum í plastmálum.

Mikilvægt er að allir sem að úrgangsmálum koma kynni sér framtíðina sem færist sífellt nær og taki upplýstar ákvarðanir í samhengi við hana. Gott er að taka umræðuna og skoða samstíga hvernig við viljum sjá framtíð þeirra auðlinda sem felast í úrgangi á svæðinu.

Hér er hægt að nálgast upptöku af fundinum.

VIÐTAL VIÐ STYRKÞEGA UPPBYGGINGARSJÓÐS

Orgelkrakkar er verkefni þar sem þátttakendur fá tækifæri til að setja saman lítið, sérsmíðað orgel frá grunni og kynnast þannig uppbyggingu hljóðfærisins og hvernig hljómurinn í því myndast. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingasjóði árið 2021, en starfsmaður SSNE fékk Sigrúnu Mögnu Þorsteinsdóttir, verkefnastjóra Orgelkrakka til að segja okkur meira um þetta skemmtilega verkefni.

Innblásturinn alla leið frá Stokkhólmi

,,Það var í raun fyrir um það bil einu og hálfu ári síðan að við vinkonurnar sem stöndum að þessu verkefni vorum staddar í Stokkhólmi og tókum þátt í vinnustofu sem hefur í grunninn sömu hugmyndafræði og Orgelkrakkar. Við kolféllum fyrir þessu og fórum strax að afla okkur upplýsinga hvernig væri hægt að gera svipað verkefni hér á landi. Okkur fannst þetta spennandi en verkefnið er einstakt sinnar tegundar á Íslandi", segir Sigrún. Að sögn Sigrúnar hefur þessi hugmynd verið undirliggjandi hjá þeim í þónokkurn tíma en í dag starfa þær báðar við að kenna orgel þar sem fullorðnir eru yfirleitt nemendur. ,,Það er frábært hvað krakkar sem koma og sjá og taka þátt verða heilluð af þessu hljóðfæri og kynnast hinum ótal hljómheimum sem koma frá orgelinu, en markmiðið er auðvitað að kynna hljóðfærið sem slíkt og innviði þess", segir Sigrún.

Aukin menning og fjölbreytileiki fyrir minni staði

"Með lítilli fyrirhöfn getum við aukið menningu og fjölbreytileika fyrir minni staði, þannig að ég tel að samfélagsleg áhrif þessa verkefnis séu alveg mjög mikilvæg", segir Sigrún. ,,Styrkurinn sem við fengum úr Uppbyggingarsjóði skiptir sköpum fyrir verkefni sem þetta, því hefðum við ekki fengið styrk hefðum við ekki getað farið af stað". Eins og er, er verkefnið aðallega hugsað fyrir börn, þar sem upp eru settar litlar vinnustofur og hægt að vinna mismunandi verkefni í hópum samtímis. Sigrún segir að orgelið sem framleitt er í Hollandi hafi komið til landsins í október í pörtum og því fylgja leiðbeiningar og teikningar hvernig á að setja það saman. ,,Börnin sjá svo um að smíða hljóðfærið og hjálpast að við að setja það saman með okkar hjálp. Einn hópur setur til dæmis saman pípurnar, annar smíðar rammann osfrv, svo spilum við á það og tökum það svo saman í sundur. Orgelið er því hægt að nota aftur og aftur í sama tilgangi".

Verkefnið er komið vel af stað, en að sögn Sigrúnar hefur það fengið góð viðbrögð frá almenningi og hafa kollegar verkefnastjóranna einnig sýnt verkefninu áhuga.

Hægt er að fræðast meira um verkefnið á Facebook síðu Orgelhússins.

UMSÓKNARFRESTIR STYRKJA

- **Barnamenningarsjóður** Íslands - Opið til 7.apríl 2021
- **Pokasjóður** - Opið til 12.apríl
- **Innviðasjóður** - Opið til 15. apríl 2021
- **Styrkir til verkefna sem stuðla að eflingu hringrásarhagkerfis á Íslandi** - Opið til 30.apríl 2021
- **Tónlistarsjóður** fyrir verkefni framkvæmd 1.júlí - 31.desember 2021- Opið til 3.maí 2021

Við minnum á að hægt er að **bóka ráðgjöf** hjá SSNE varðandi umsóknir á **ssne@ssne.is**

13,6 M.KR. TIL ÚTHLUTUNAR Á BAKKAFIRÐI

Verkefnið Betri Bakkafjörður hefur verið starfrækt frá því í 1. júní 2019. Verkefnið er til fimm ára, sem skal endurskoðast að tveimur árum liðnum. Niðurstaða endurskoðunar er að verkefninu verður haldið áfram næstu þrjú árin.

Frá því að verkefnið fór af stað hefur rúmum 20 m.kr. verið varið til 15 samfélagseflandi verkefna, auk þess sem 9 m.kr. var sérstaklega varið í upphafi verkefnisins af hálfu ríkisins til uppbyggingu ferðaþjónustu á Bakkafirði og þjónustumiðstöðvar. Verkefnisstjórn Betri Bakkafjarðar auglýsti eftir umsóknum í styrki fyrir árið 2021 í mars sl. Um er að ræða fjármagn sem brothættar byggðir fá árlega til ráðstöfunar í ýmis samfélagseflandi verkefni.

Fjórtán umsóknir bárust að upphæð rúmar 76 milljónir. Fjárveiting frá ríkinu til verkefna á Bakkafirði fyrir árið nema 7 m.kr. Við það bætast 6,6 m.kr. sem eru fjármunir frá fyrri úthlutunum sem verkefnisstjórn hefur innkallað svo réttar 13,6 m.kr. eru til úthlutunar að þessu sinni.
Úthlutunarnefnd valin úr hópi verkefnisstjórnar fer yfir umsóknir og gerir tillögu til verkefnisstjórnar um skiptingu fjárins en niðurstöður úthlutunar má vænta seinnipartinn í apríl.

SÉRTÆK VERKEFNI Á SÓKNARÁÆTLANASVÆÐUM

Í desember 2020 var úthlutað úr stefnumótandi byggðaáætlun til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (liður C.1. á byggðaáætlun). SSNE vann umsóknir fyrir hönd átta verkefna og alls hlutu þrjú þeirra styrk fyrir alls 56 m.kr.; *Hraðið, Gróðurhús í Öxarfirði og Friðlandsstofa - anddyri friðlands Svarfdæla í Dalvíkurbyggð.*

HRAÐIÐ

Hraðið – nýsköpunarmiðstöð er setur frumkvöðla á Húsavík sem hýst er og þróað af Þekkingarneti Þingeyinga. Stefnt er að opnun Hraðsins og Fab-labsmiðju í húsnæði í miðbæ Húsavíkur í nóvember 2021 en meginstarfsemi Hraðsins mun felast í eftirfarandi þáttum:

- Vinnuaðstaða frumkvöðla 24/7; fyrir einstaklinga til lengri og skemmri tíma
- Fab-lab Húsavík; fullbúin tæknismiðja í samstarfsneti annarra slíkra
- Vinnuaðstaða til móttöku starfsmannahópa/-teyma nýsköpunarfyrirtækja
- Samnýting kennslu-/fyrirlestrarýma/rannsóknastofa þekkingarsetursins til ráðstefnuhalds og teymisvinnu
- Myndun aðlaðandi „vinnustaðar“ í frjóu umhverfi 25-40 starfsmanna og ráðgjöf og miðlun milli frumkvöðla og atvinnuráðgjafa

Hægt er að lesa meira um Hraðið hér.

GRÓÐURHÚS Í ÖXARFIRÐI

Markmið verkefnisins er að stuðla að frekari nýtingu (og atvinnusköpun) á auðlindum Öxarfjarðarhéraðs með því að taka ákveðið skref í átt til uppbyggingar gróðurhúsa í tengslum við ríkulegan jarðhita í Sandinum. Þá verður sjálfbærni höfð að leiðarljósi og kannað til hins ýtrasta hvort nýta megi t.d. lífrænan úrgang af svæðinu í áburð sem og aðrar nýjar/sjálfbærar aðferðir. Gróðurhús í Öxarfirði er unnið í áföngum og eru fyrstu skref komin vel af stað.

Hér er hægt að lesa meira um Gróðurhús í Öxarfirði.

ÚTHLUTUN ÚR FRAMKVÆMDASJÓÐI FERÐAMANNASTAÐA OG LANDSÁÆTLUN

Alls voru 807 m.kr. úthlutað úr Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða nýverið en af þeim 54 verkefnum sem hlutu styrk voru 11 á Norðurlandi eystra og hlutu þau samtals styrk upp á rúmlega 131 m.kr.

Þá fengu 85 ný verkefni styrk úr Landsáætlun til uppbygginu innviða og voru 20 af þeim í okkar landshluta.

Hér er hægt að lesa nánar um hvaða verkefni hlutu styrk að þessu sinni og vert er að benda á vefsjá Ferðamálastofu sem komin er í loftið og gefur góða heildarsýn á þau verkefni sem eru í gangi.

ÚTHLUTUN HÚSFRIÐUNARSJÓÐS

Í mars tilkynnti Minjastofnun Íslands að úthlutað hefur verið styrkjum úr húsafriðunarsjóði. Veittir voru 240 styrkir og úthlutað var samtals 305.000.000 kr. Heildarúthlutun til verkefna á Norðurland eystra var 35,5 milljónir kr., sem skiptist þannig:

- *Friðlýstar kirkjur* fengu samtals 79 milljónir króna í styrk, þar af fengu fjórar kirkjur á Norðurlandi eystra 5 milljónir.
- *Friðlýst hús* fengu samtals 66,7 milljónir í styrk, þar af fengu þrjú friðlýst hús á Norðurlandi eystra 3,2 milljónir í styrk.
- *Friðuð hús* fengu samtals tæplega 135 milljónir í styrk, þar af voru 15 friðuð hús á Norðurlandi eystra sem fengu samtals rúmlega 27 milljónir í styrk.

Hér er hægt að lesa nánar um hvaða verkefni sem fengu styrk á Norðurlandi eystra.

VEL HEPPNUÐ RÁÐSTEFNA DALVÍKURBYGGÐAR OG SSNE

Tæplega 60 manns fylgdust með rafrænni ráðstefnu sem Dalvíkurbyggð og SSNE skipulögðu nýverið. Efni fundarins kom beint úr þeim hluta atvinnustefnu sveitarfélagsins sem tekur mið af að fá unga fólkið aftur heim og sjá atvinnutækifærin sem eru til staðar á svæðinu. Fjölbreytt dagskrá var í boði en viðtöl við tvo frumkvöðla á staðnum stóðu upp úr að öðrum dagskrárliðum ólöstuðum. Vífill Karlsson, hagfræðingur kynnti helstu niðurstöður íbúakönnunar í Eyjafirði (án Akureyrar) en svæðið kom sérlega vel út á landsvísu eins og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum.

Þá var atvinnutækifærum og lausu húsnæði á svæðinu gerð góð skil í erindi Írisar Hauksdóttur, þjónustu- og upplýsingafulltrúa sveitarfélagsins auk þess sem hún kom inn á hvaða þjónusta er í boð og hvaða þjónustu vantar í Dalvíkurbyggð í þeirri von um að einhver sjái sér leik á borði og stofni slík fyrirtæki eða flytji þau til svæðisins. Fyrir áhugasama má nálgast upptöku af ráðstefnunni á facebook síðu Dalvíkurbyggðar.

Um leið og við þökkum öllum sem að ráðstefnunni stóðu kærlega fyrir þátttöku, hvetjum við hjá SSNE önnur sveitarfélög til að leita til okkar vegna slíkra verkefna. Það er okkur sönn ánægja að taka þátt í þeim.

NÝTT ÁTAK: TRYGGÐ BYGGÐ

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur unnið síðustu ár að því að greina og rýna áskoranir í húsnæðismálum á landsbyggðinni. Árið 2019 var farið af stað með tilraunaverkefni sem hafði það að markmiði að rjúfa stöðnun í húsnæðismálum í sveitarfélögum á landsbyggðinni, þar sem þörfin fyrir nýjar íbúðir hefur staðið í vegi fyrir eðlilegri framþróun byggðalaga og atvinnulífs á viðkomandi svæði.

Þann 23.mars sl. var nýtt átak í uppbyggingu á íbúðarhúsnæðum á landsbyggðinni kynnt í Hofi undir nafninu **Tryggð byggð**. Verkefnið á að tryggja aðgengi að íbúðarhúsnæði þar sem þörf er á, aðgengi að fjölbreyttum húsnæðiskosti við hæfi óháð búsetu til þess að tryggja að fólk geti flutt út á land í leit að atvinnu, eða af öðrum ástæðum, og fengið húsnæði við hæfi.

Tryggð byggð leitast eftir að bæta aðgengi að upplýsingum um sérstök landsbyggðarlán, stofnframlög og byggðaframlög og samstarf við opinbera leigufélagið Bríet og stuðning sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) veitir á hönnunar- og undirbúningsstigi.
Markmið með Tryggðri byggð er að rjúfa stöðnun í húsnæðismálum, gefa betri yfirsýn yfir þau verkefni og úrræði sem finnast á landsbyggðinni og að kynna möguleikana sem nú eru fyrir hendi en voru ekki áður til að endurnýja og byggja nýtt húsnæði á landsbyggðinni með stuðningi ríkisins og sveitarfélaga á hverjum stað.

Hægt er að kynna sér betur verkefnið á heimasíðunni Tryggdbyggd.is
Þróun húsnæðismarkaðar á landsbyggðinni - Skýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
Frétt frá Tryggð byggð

UPPBYGGING ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS Í NORÐURÞINGI

Í kjölfar fréttarinnar hér að ofan um verkefnið Tryggð byggð er vel við hæfi að færa jákvæðar fréttir af íbúðarmálum í Norðurþingi en talsverður skortur hefur verið á húsnæði innan Öxarfjarðarhéraðs undanfarin ár og hefur það reynst mörgum erfitt að komast í leiguhúsnæði. Eins og stendur er mikil uppbygging í gangi og framundan á svæðinu í heild, meðal annars í kringum fiskeldin á Kópaskeri, í Núpsmýri og á Rifósi í Kelduhverfi. Það er því orðið nauðsynlegt að fjölga íbúðum á leigumarkaði.

Það er því afar ánægjulegt að leigufélagið Bríet og Norðurþing séu nú að auglýsa eftir byggingaraðilum til að taka þátt í uppbyggingu íbúða á Húsavík og á Kópaskeri en á Kópaskeri hefur ekki verið byggt íbúðarhús í tæp þrjátíu ár.

Bríet er sjálfstætt starfandi leigufélag í eigu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, rekið án hagnaðarsjónarmiða. Markmið Bríetar er að vera hluti af uppbyggingu og styrkingu leigumarkaðar með sérstaka áherslu á landsbyggðina í samstarfi við sveitarfélögin.

Nokkrir samráðsfundir um húsnæðismál Öxarfjarðarhéraðs voru haldnir síðasta haust með fulltrúum stærstu fyrirtækja svæðisins, verkefnisstjóra ÖÍS (þáverandi starfsmaður SSNE), sveitarstjóra Norðurþings og framkvæmdastjóra Bríetar sem var afar mikilvægur hlekkur í ferlinu.

Þá ber einnig að geta þess að SSNE stóð fyrir kynningarfundi með Bríeti og sveitarstjórnarfólki á starfssvæði SSNE, sem stuðlar vonandi að því að fleiri sveitarfélög kanni þann möguleika að ganga til samninga við Bríeti um uppbyggingu leiguhúsnæðis þar sem þörf er á.

NÝSKÖPUNARVIKAN 2021

SSNE hefur ákveðið að taka þátt í Nýsköpunarvikunni ásamt SSNV dagana 26. maí til 2. júní. Nýsköpunarvikan er hátíð þar sem fyrirtækjum og frumkvöðlum gefst kostur á að standa fyrir nýsköpunartengdum viðburðum þar sem spennandi sóknarfæri og frjóar hugmyndir geta sprottið upp.

Hátíðinni er ætlað að vekja athygli á nýsköpun í sinni víðustu mynd, mynda ný viðskiptasambönd og tengsl. SSNE sér mikil tækifæri í þátttöku fyrir Norðurland eystra, frumkvöðla og fyrirtæki á svæðinu að koma sér á framfæri á þessum vettvangi. Samstarf SSNE og SSNV er einnig gríðarlega spennandi og verður gaman að sjá dagskrána mótast.

HEIMSÓKNIR SENDIRÁÐA BRETLANDS OG BANDARÍKJANNA

Í marsmánuði fengum við til okkar í heimsókn Michael Nevin, sendiherra Bretlands ásamt Gavin Crockard, ritara, Birtu Bjargardóttur, upplýsingafulltrúa sendiráðsins og Pétur Stefánsson, viðskiptafulltrúa. Þá komu einnig Sean Green Ley, viðskiptafulltrúi og Arnar B Sigurðsson sendiráðsfulltrúi frá bandaríska sendiráðinu í heimsókn viku síðar og var þeim tekið fagnandi enda um langt liðið síðan sendiráðin vísiteruðu sveitir norðanlands.

Allir fengu stutta kynningu á stöðu mála í landshlutanum og þeim möguleikum og tækifærum sem Norðurland eystra hefur upp á að bjóða. Sérstakur áhugi var á þeim tækifærum sem felast í aukinni nýtingu jarðvarma og nýsköpun í úrgangsmálum svo dæmi séu nefnd og góðar umræður sköpuðust á fundunum.

Það er mikilvægt að hlúa að tengslum við erlend sendiráð og nýta þau tengsl og þarna á fundinum voru rædd nokkur atriði sem leitt geta af sér framhald og tækifæri til framtíðar.

SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Það er alltaf talsverð vinna sem leysa þarf af hendi við undirbúning þinga SSNE og núna stendur yfir undirbúningur fyrir II. ársþing okkar sem haldið verður í netheimum 16. og 17. apríl næstkomandi. Á þinginu verður, auk hefðbundinna verkefna, farið yfir margvísleg málefni sem þarft er að ræða svo sem svæðisskipulagsmál, atvinnustefnu og fjölmenningarstefnu. Rétt er að minna á það að í 4. gr. samþykkta SSNE er kveðið á um rétt til setu, málfrelsi og tillögurétt á þingum SSNE en þar segir: „Rétt til setu á þingum SSNE eiga allir einstaklingar og lögaðilar sem eiga lögheimili á starfssvæði landshlutasamtakanna. Málfrelsi og tillögurétt á þingum eiga eftirtaldir aðilar:

a) Fulltrúar úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra
b) Fulltrúar fagráða SSNE
c) Fulltrúar í undirnefndum SSNE
d) Fulltrúar formlegra samtaka atvinnulífs sem starfa á svæðinu
e) Fulltrúar formlegra stéttarfélaga sem starfa á svæðinu
f) Fulltrúar menningar- og listastofnana sem starfa á svæðinu
g) Fulltrúar fræðastofnana á svæðinu
h) Fulltrúar formlegra samtaka á sviði umhverfismála á svæðinu
i) Fulltrúar opinberra stofnana
j) Framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga
k) Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga og varamenn þeirra
l) Alþingismenn Norðausturkjördæmis og varamenn þeirra“

Þingfulltrúar, skipaðir af sveitarstjórnum skv. 5. gr. samþykkta SSNE, hafa auk þess sem að ofan greinir atkvæðisrétt. Þing SSNE fara með æðsta vald landshlutasamtakanna og þar gefst tækifæri til að hafa áhrif á stefnu og áherslur samtakanna. Einnig er þar farvegur til að hafa áhrif á sóknaráætlun landshlutans en eins og sjálfsagt allir vita þá er sóknaráætlunin leiðarljós okkar.

Haldinn var fundur með framkvæmdastjórum sveitarfélaga og kjörnum fulltrúum í marsmánuði þar sem umhverfisnefnd SSNE kynnti sig og verkefnin sem þau eru að fást við. Einnig fór Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku, yfir það hvað felst í hugtakinu líforkuver. Umhverfismálin er hratt vaxandi viðfangsefni sveitarfélaga og fullt tilefni til að leita leiða til samstarfs á þeim vettvangi.

Það var mikið gleðiefni þegar við gátum aftur tekið á móti gestum og lífið varð svolítið eins og það á að vera. Í marsmánuði fengum við breska sendiherrann í heimsókn og einnig fengum við heimsókn frá bandaríska sendiráðinu. Í raun var býsna gestkvæmt hjá okkur áður en herða þurfti reglur á ný. Við vorum einnig farin að heimsækja aðila á svæðinu og vinna þannig að því að efla tengslin. En Adam var ekki lengi í paradís og aftur höfum við neyðst til að hólfaskipta húsnæði okkar á Akureyri og loka fyrir komur gesta. Núna vonum við að það takist hratt og vel að ná utan um stöðuna og að við fáum að opna aftur fyrr en seinna.

Annað árið í röð höldum við páskahátíðina í skugga heimsfaraldurs og aftur stöndum við frammi fyrir því að geta ekki gert allt sem okkur langar til að gera. Ég vona að okkur takist öllum að gera það besta úr stöðunni, eiga gott frí og njóta lífsins. Gleðilega páska!

Með kærri kveðju

Eyþór Björnsson
Framkvæmdarstjóri SSNE

Viðverutímar starfsmanna

Húsavík - Baldvin og Ari Páll eru þar mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00 en til kl. 14.00 á föstudögum í kjölfar styttingu vinnuvikunnar sem tók gildi 1.janúar 2021. Silja er við á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum en skiptir nú tíma sínum á milli Húsavíkur og **Skútustaðahrepps** þar sem hún er annan miðvikudag og fimmtudag í hverjum mánuði. Eyþór er á Húsavík tvo daga í viku þegar Covid leyfir. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hverrar viku.
Akureyri - Elva, Rebekka, Helga María og Vigdís eru þar mán-fim á milli klukkan 9:00 og 15:00 og fös til kl. 14:00.
Bakkafjörður - Ólafur Áki er með starfsstöð á Bakkafirði en viðvera er breytileg.
Raufarhöfn - Nanna Steina er við mán-fim milli klukkan 9:00 og 15:00.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna hér.